## Bókhald og fjölbreytt skrifstofustarf

Þjónustufyrirtæki leitar að ungum og metnaðarfullum aðila í fullt starf. Starfið felst í bókhaldi (u.þ.b. 75% starfshlutfall), skrifstofustörfum og ýmsum verkefnum fyrir stjórnendur (u.þ.b. 25% hlutfall).

Viðkomandi þarf að vera skipulagður og hafa þekkingu á bókhaldi úr námi eða starfi. Tilvalið starf fyrir nýútskrifaðan viðskiptafræðing.

**Sjá nánar á www.intellecta.is**

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

THE LINDE GROUP
AGA

*Linde Healtcare er hluti af ÍSAGA ehf, sem var stofnað hér á landi árið 1919 í samstarfi við hið sænska AGA. 1991 eignaðist AGA meirihluta í ÍSAGA ehf og 1999 var AGA svo aftur keypt af hinu þýska Linde. Linde er stærsta gasfyrirtæki í heimi með starfsemi í um 100 löndum og með um 60 þúsund starfsmenn. Linde Healthcare er sjálfstæð eining innan Linde Group og býður vörur og þjónustu fyrir sjúkrahús, stofnanir og fyrirtæki á heilbrigðissviði.*

*Linde Healthcare á Íslandi tilheyrir markaðssvæði Linde í Norður-Evrópu og er í nánu samstarfi við systurfyrirtæki sín þar.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess* ***www.linde-healthcare.is***

## Sölu- og tæknimaður á heilbrigðissviði

Linde Healthcare óskar eftir að ráða sölu- og tæknimann til að sinna viðskiptavinum á heilbrigðissviði.

Við leitum að starfsmanni með ríka þjónustulund, jákvætt viðmót og mikla samstarfsfærni. Hann þarf að vera lausnamiðaður og hafa frumkvæði og vilja til að ná árangri.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Ráðgjöf og sala á búnaði til dreifingar og notkunar á lyfjalofttegundum
- Umsjón með og/eða vinna við uppsetningar á nýjum búnaði
- Áhættugreiningar og gæðamælingar
- Eftirfylgni og þjónusta við viðskiptavini
- Skráning og skýrslugerð

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Tækni- eða vélfræðimenntun
- Reynsla af vinnu með teikningar og ferla
- Góð tölvukunnátta, þ.á m. Excel, Word, PowerPoint
- Gott vald á íslensku og ensku
- Geta til að vinna sjálfstætt og með öðrum
- Geta og vilji til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð og að vinna eftir skilgreindum verkferlum

*Frekari upplýsingar um starfið veitir Sigurbjörg Sverrisdóttir hjá ÍSAGA í síma 696 3302. Einnig má senda fyrirspurn á tölvupóstfangið sigurbjorg.sverrisdottir@is.aga.com. Umsóknarfrestur er til og með 2. júlí 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Samband stjórnendafélaga

*Samband stjórnendafélaga (áður Verkstjórasamband Ísland), eru félaga- og hagsmunasamtök verkstjóra og annarra stjórnenda sem fer með samningsrétt verkstjóra- og stjórnendafélaganna.*

*Í starfsemi sambandsins er fólgin þjónusta fyrir öll 12 aðildarfélögin. Sambandið rekur t.d. menntunarsjóð sem styrkir félagsmenn innan aðildarfélaganna til að sækja nám sem gera þá hæfari til stjórnunarstarfa.*

*Nánari upplýsingar um sambandið má finna á heimasíðu þess www.stf.is*

## Verkefnastjóri Stjórnendafræðslunnar

Samband stjórnendafélaga óskar eftir að ráða einstakling í starf verkefnastjóra Stjórnendafræðslunnar. Um nýtt starf er að ræða innan sambandsins og starfshlutfall er 50%.

Næsti yfirmaður verkefnastjóra er framkvæmdastjóri sambandsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Skrifstofa sambandsins er í Kópavogi.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Umsjón og eftirfylgni með fjarnámi fullorðinsfræðslunnar
- Eftirlit með verklagsreglum
- Eftirlit með námsmati og að stöðlum sé fylgt
- Þátttaka í kynningu og markaðsstarfi námsins
- Samskipti við aðildarfélög og samstarfsaðila
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði kennslufræða
- Þekking og reynsla af fullorðinsfræðslu
- Reynsla af kennslu og gerð námsefnis
- Þekking á Moodle fjarkennslukerfi er æskileg
- Skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð tók á íslensku og framsetningu efnis
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Vilji til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Bylgja Björk Pálsdóttir (**bylgja@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 12. júní 2017. **Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir




BIFVÉLAVIRKJAR / VÉLVIRKJAR

## Spennandi störf fyrir bílafólk!

Bílaumboðið Askja óskar eftir að ráða færa vél- eða bifvélavirkja til starfa á atvinnubílaverkstæði og fólksbílaverkstæði. Sérstaklega er leitað eftir einstaklingum með reynslu í viðgerðum trukka og hópferðabíla. Boðið er upp á úrvals vinnuaðstöðu til þjónustu og viðgerða á Mercedes-Benz og Kia bifreiðum í húsnæði Öskju við Krókháls í Reykjavík.

Virk þjálfun og endurmenntun starfsmanna á sér stað samkvæmt gæðastöðlum birgja sem eru þeir fremstu í heiminum í dag. Starfsmenn starfa eftir öryggisreglum Öskju og gæðakröfum framleiðenda.

### Ábyrgð og verkefni

- Öll almenn viðhalds- og viðgerðavinna
- Meðhöndlun bilanagreininga
- Miðlun þekkingar til samstarfsfélaga

### Hæfniskröfur

- Haldbær reynsla af störfum bifvélavirkja, sveinspróf er kostur
- Gilt bílpróf, meirapróf er kostur
- Öguð, snögg og nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð og fagleg framkoma, snyrtimennska og stundvísi
- Almenn tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Áhugi á þróun í starfi sem og vilji til að kynna sér tækninýjungar

Vinnutími á verkstæðum er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 8–17 og föstudaga frá kl. 8–16. Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. júní.**
**Tekið er við umsóknum á vef Öskju, www.askja.is, en þar má einnig finna ítarlegri upplýsingar um störf í boði.**

Nánari upplýsingar veitir Erla Sylvía Guðjónsdóttir, Gæða– og mannauðsstjóri Öskju, á netfanginu atvinna@askja.is

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og Kia á Íslandi.


# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is


Árvirkinn
SELFOSSI
www.arvirkinn.is
Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

## Vilt ÞÚ bætast í hóp starfsmanna Árvirkjans?

Árvirkinn er traust og öflugt fyrirtæki á sviði raflagna og tæknimála. Nú vantar okkur rafvirkja og rafeindavirkja/tæknimenn til starfa. Einnig viljum við ráða lagermann með þekkingu á raflögnum og raflagnaefni.

**Umsóknir og óskir um nánari upplýsingar sendist á netfangið arvirkinn@arvirkinn.is**

# Seltjarnarnesbær
## Laus störf

### Grunnskóli Seltjarnarness

- **Umsjónarkennsla á miðstigi,** fullt starf.
- **Umsjónarkennsla á miðstigi,** afleysing skólaárið 2017-2018.
- **Umsjónarkennsla á yngsta stigi,** fullt starf.

### Leikskóli Seltjarnarness

- **Leikskólakennari,** fullt starf.
- **Leikskólaleiðbeinandi,** fullt starf.

### Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar, Íbúakjarninn Sæbraut 2

- Yfirþroskaþjálfi, 90-100% starfshlutfall.
- **Þroskaþjálfi og/eða stuðningsfulltrúi,** fullt starf/hlutastarf og sumarafleysingar.

Nánari upplýsingar um störfin og skil umsókna má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is **– Störf í boði**

**Umsóknarfrestur er til 15. júní næstkomandi.**

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.*

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

Norðurorka

# Gæða-, umhverfis- og öryggisstjóri

NORÐURORKA

Norðurorka hf. óskar eftir að ráða Gæða-, umhverfis- og öryggisstjóra. Leitað er eftir öflugum einstaklingi í krefjandi umbótastarf þar sem reynir á samskiptahæfni, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.

Ath. breyttur umsóknarfrestur
**11. júní**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/5090**

### Helstu verkefni

- Rekstur og þróun gæðakerfis.
- Ábyrgð á umbótastarfi.
- Greining og vöktun á árangri í gæða-, umhverfis- og öryggismálum.
- Fræðsla í gæða-, umhverfis- og öryggisstjórnunarmálum.
- Samskipti við vottunaraðila.
- Umsjón með ytri og innri úttektum.
- Innleiðing staðla í samræmi við starfsemi og áherslur fyrirtækisins.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Skipulögð vinnubrögð, frumkvæði og heilindi.
- Þekking á og/eða menntun í starfsumhverfi orku- og veitufyrirtækja er kostur.
- Einstök hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð færni í að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð tungumálakunnátta í íslensku og ensku er skilyrði.

Norðurorka hf. þjónustar heimili og atvinnulíf með vinnslu og dreifingu á heitu vatni og neysluvatni og rekstri dreifikerfis raforku og fráveitu. Fyrirtækið rekur rafveitu og fráveitu á Akureyri, hitaveitu og vatnsveitu á Akureyri, Hrísey, Eyjafjarðarsveit og á Svalbarðsströnd. Þá rekur Norðurorka hf. hitaveitu á Ólafsfirði, Hörgársveit, Grenivík og í Fnjóskadal. Norðurorka hf. starfar samkvæmt vottuðu gæðakerfi ISO 9001.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent




# Lögfræðingur

Eik er meðal leiðandi fasteignafélaga á Íslandi og er skráð á hlutabréfamarkað. Félagið er í sókn og leitar því að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf lögfræðings.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði
- Reynsla af samningagerð
- Reynsla af fasteigna- og verðbréfarétti
- Reynsla af stjórnarháttum fyrirtækja kostur
- Frumkvæði í starfi
- Örugg framkoma og færni í mannlegum samskiptum

**Starfssvið:**
- Samningagerð
- Regluvarsla
- Innheimta
- Utanumhald um stjórnarhætti og innri endurskoðun
- Lögfræðileg ráðgjöf

Eik fasteignafélag sérhæfir sig í eignarhaldi og útleigu á atvinnuhúsnæði. Félagið er meðal stærstu fasteignafélaga landsins með tæplega 293 þúsund fermetra í yfir 100 fasteignum. Um 84% af eignasafni þess er á helstu viðskiptakjörnum höfuðborgarsvæðisins og eru leigutakar félagsins yfir 441 talsins. Hlutabréf félagsins eru skráð á aðallista Nasdaq Iceland. Auk þess er félagið með 4 skráða skuldabréfaflokka.

**Umsóknarfrestur er til og með þriðjudeginum 12. júní nk.**
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir hjá Capacent (**audur.bjarnadottir@capacent.is**) og Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri (**gardar@eik.is**).

EIK FASTEIGNAFÉLAG




# Framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs

Eik er meðal leiðandi fasteignafélaga á Íslandi og er skráð á hlutabréfamarkað. Félagið er í sókn og leitar því að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf framkvæmdastjóra framkvæmdasviðs.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði verk- eða tæknifræði
- Reynsla af áætlanagerð
- Reynsla af stjórnun verklegra framkvæmda
- Reynsla af samningagerð og samskiptum við verktaka
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi

**Starfssvið:**
- Yfirumsjón með þróunarverkefnum og framkvæmdum félagsins
- Gerð verk- og kostnaðaráætlana
- Samningagerð við verktaka
- Verkefnastjórnun og eftirlit með framkvæmdum
- Skýrslugerð, gagnasöfnun og úrvinnsla
- Yfirumsjón með verkbókhaldi framkvæmda
- Útboðslýsingar/útboðsgerð og innkaup

Eik fasteignafélag sérhæfir sig í eignarhaldi og útleigu á atvinnuhúsnæði. Félagið er meðal stærstu fasteignafélaga landsins með tæplega 293 þúsund fermetra í yfir 100 fasteignum. Um 84% af eignasafni þess er á helstu viðskiptakjörnum höfuðborgarsvæðisins og eru leigutakar félagsins yfir 441 talsins. Hlutabréf félagsins eru skráð á aðallista Nasdaq Iceland. Auk þess er félagið með 4 skráða skuldabréfaflokka.

**Umsóknarfrestur er til og með þriðjudeginum 12. júní nk.**
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir hjá Capacent (**audur.bjarnadottir@capacent.is**) og Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri (**gardar@eik.is**).

EIK FASTEIGNAFÉLAG

Við mönnum stöðuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is



# TANNTÆKNIR ÓSKAST

**Tannlæknadeild HÍ leitar að kröftugum og metnaðarfullum tanntækni sem nýtur þess að vinna með fólki, leiðbeina og þjónusta.** Viðkomandi þarf að vera lausnamiðaður, úrræðagóður og vinna vel undir álagi. Starfið er 85% á ársgrundvelli, 100% á kennslutíma og 65% utan hans.

### MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Tanntæknamenntun frá námsbraut tanntækna.
- Starfsreynsla í faginu er æskileg.
- Góð færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund er mjög mikilvæg.
- Frumkvæði, metnaður, sjálfstæði og nákvæmni í starfi.
- Góð almenn tölvukunnátta.

### HELSTU VERKEFNI

- Undirbúningur fyrir verklega kennslu.
- Vinna við sótthreinsun.
- Umsjón að hluta til með skurðstofu.
- Móttaka og símsvörun.
- Rafræn skráning sjúkragagna.
- Röntgenmyndatökur.
- Aðstoð á aðgerðarstofu.

Allar nánari upplýsingar veitir Svanhildur Ólafsdóttir, deildarstjóri (**svanola@hi.is**).
Sjá nánar: **www.hi.is/laus_storf**

**Umsóknarfrestur er til og með 19. júní.**
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í ágúst.

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE
HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

# Framkvæmdarstjóri Orkugerðarinnar ehf.

Orkugerðin óskar eftir að ráða framkvæmdarstjóra til að sinna fjölbreyttum störfum í verksmiðju fyrirtækisins.

*Orkugerðin endurvinnur aukaafurðir frá slátrun og kjötvinnslu. Afurðirnar eru áburðarmjöl og dýrafita sem nýtt er til eldneytisgerðar.*
*Verksmiðjan er staðsett í Heiðargerði í Flóahreppi ( u.þ.b. 10 km austan við Selfoss).*

**Hæfniskröfur:**

- Þekking og reynsla af stjórnun og sambærilegum störfum.
- Reynsla af vélaviðgerðum og rekstri véla er skilyrði.
- Vélstjóramenntun eða iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur.
- Sterk öryggis- og umgengnisvitund.
- Stundvísi, áreiðanleiki og góðir samskiptahæfileikar.
- Almenn tölvukunnátta og lyftarapróf er kostur.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

**Helstu verkefni :**

- Ábyrgð á stjórnun, og rekstri verksmiðjunnar
- Stjórnun og skipulagning framleiðslu.
- Eftirlit og skipulag viðhalds á tækjabúnaði verksmiðjunnar.
- Skrá og halda utanum allar mælingar og rekstartölur.
- Ráðningar og starfsmannahald.
- Samskipti við viðskiptavini og eftirlitsaðila.

Tekið er við umsóknum á heimasíðu Sláturfélags Suðurlands **www.ss.is** undir „Um SS“

Frekari upplýsingar veitir Guðmundur Tr. Ólafsson í síma 863 3040






# GNC OPNAR Á ÍSLANDI

GNC er stærsta verslunarkeðja á sviði vítamína og fæðubótaefna í heiminum. Fyrsta verslunin var opnuð í Bandaríkjunum árið 1935. Í dag rekur GNC yfir 10.000 verslanir í 52 löndum og nú hefur Ísland loksins bæst í hópinn.

## VIÐ LEITUM AÐ VERSLUNARSTJÓRA

Verslunarstjórinn tekur virkan þátt í að móta stefnu vörumerkisins á Íslandi. Frábært tækifæri fyrir metnaðarfullan og árangursdrifin einstakling.

### STARFSSVIÐ

- Ábyrgð á rekstri verslunar.
- Umsjón með útliti og framsetningu verslunar.
- Starfsmannamál þ.m.t. þjálfun starfsmanna.
- Ferðalög í tengslum við innkaup og fræðslu um vörumerkin okkar.
- Birgðaumsjón, vörupantanir og uppgjör.
- Þjónusta og samskipti við viðskiptavini.
- Samfélagsmiðlar.

### HÆFNISKRÖFUR

- Reynsla af verslunarstjórn og mannaforráðum er mikill kostur.
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrög.
- Reynsla og áhugi á almennu heilbrigði, hreyfingu og hollri næringu.
- Góð tölvukunnátta er nauðsynleg.
- Góð færni í ensku bæði í ræðu og riti.
- Jákvætt viðmót og rík þjónustulund.
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar.

Umsókn með ferilskrá sendist
á alexandra@gnc.is fyrir 12.júní n.k




GNC
LIVE WELL

# Áhættustýring

**Borgun leitar að öflugum sérfræðingi í áhættustýringu.**

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda inn umsókn á **borgun.is fyrir 12. júní nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rakel Ýr Guðmundsdóttir mannauðsstjóri í síma 560 1561.

**Helstu verkefni:**

- Greining og eftirlit með áhættu í rekstri félagsins
- Skýrslugjöf til eftirlitsaðila og stjórnenda
- Þátttaka í þróun áhættuskýrslna
- Utanumhald rekstraráhættuatvika
- Álagsprófanir

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði raunvísinda
- Reynsla af áhættustýringu er kostur
- Góð *Microsoft Excel* kunnátta
- Þekking á *SQL* og *Business Objects* er kostur
- Færni í greiningu og framsetningu gagna
- Nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta

BORGUN

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Staða skólastjóra við Foldaskóla

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu skólastjóra við Foldaskóla.**

Foldaskóli er elsti hverfisskólinn í Grafarvogi, stofnaður árið 1985. Í skólanum eru um 500 nemendur í 1.-10. bekk. Skólinn er safnskóli unglingadeilda í Hamra-, Húsa- og Foldahverfi og er um helmingur nemenda á því skólastigi. Við skólann er starfrækt einhverfudeild og sérstök ráðgjafardeild (fardeild) vegna nemenda með atferlis- og geðraskanir sem þjónar grunnskólunum í Grafarvogi og á Kjalarnesi. Skólinn er Grænfánaskóli og tekur þátt í verkefninu Heilsueflandi skóli. Einkunnarorð skólans eru *siðprýði, menntun og sálarheill.* Skólinn vinnur í anda uppeldis til ábyrgðar og Olweusaráætlunar gegn einelti. Skólinn hefur á að skipa vel menntuðu starfsfólki og stöðugleiki er í starfsmannahaldi. Við skólann starfar öflugt foreldrafélag og mikið samstarf er við félagsmiðstöðina Fjörgyn og nærsamfélagið.
**Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum, hefur víðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn.**

**Meginhlutverk skólastjóra er að:**
- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

**Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2017. Umsóknarfrestur er til og með 18. júní 2017.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita Guðlaug Sturlaugsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netföng: **gudlaug.sturlaugsdottir@reykjavik.is / ragnheidur.e.stefansdottir@reykjavik.is**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

60 60ÁRA 2016

REYKJAFELL



## Sölumaður í iðnstýrideild

Reykjafell · Sími 588 6000 **reykjafell.is**

Við leitum að jákvæðum og lausnarmiðuðum einstaklingi til starfa í iðnstýrideild Reykjafells. Vinnutími er frá 08.00 -17.00. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

### Helstu verkefni
- Sala á rafbúnaði
- Tilboðsgerð
- Ráðgjöf til viðskiptavina og verkfræðistofa
- Sjá um móttöku erlendra birgja
- Sjá um innkaup og innsetningu vara á heimasíðu
- Halda kynningar og námskeið á vörum
- Sækja námskeið og sýningar innanlands sem utan

### Menntun og hæfniskröfur
- Sveinspróf í rafvirkjun og/eða rafeindavirkjun
- Reynsla á sviði iðnstýringa æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð enskukunnátta
- Metnaður til að takast á við áskoranir

Reykjafell hf er einn af stærstu innflutningsaðilum á sviði rafbúnaðar á Íslandi. Við erum framsækið fyrirtæki og leitum að starfsmanni til að starfa með skemmtilegum hópi í krefjandi umhverfi. Hjá okkur eru 34 starfsmenn við sölu-, lager- og skrifstofustörf.

- **Nánari upplýsingar veitir Ottó í síma 575 6626**
- **Umsóknir sendist á otto@reykjafell.is**
- **Umsóknarfrestur er til og með 23. júní**

UMSÓKNAR-FRESTUR 23. júní

LÝSING AFLDREIFING RAFLAGNIR IÐNSTÝRINGAR

# Laust til umsóknar starf forstöðumanns íþróttamannvirkja

Sveitarfélagið Vogar auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns íþróttamannvirkja.
Leitað er að metnaðarfullum og traustum einstaklingi til að sinna fjölbreyttum verkefnum. Um framtíðarstarf er að ræða.

**Verksvið**
Veitir íþróttamiðstöð Voga forstöðu og ber ábyrgð á því að starfsemi stofnunarinnar sé í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni. Hann hefur með höndum daglega verkstjórn og hefur umsjón með húseignum, tækjum og innanstokksmunum. Heldur utan um rekstur og mannahald, semur vaktaplön, sinnir minni háttar viðhaldi og tilfallandi verkefnum.

**Hæfniskröfur**
- Iðnmenntun, vélstjóramenntun eða önnur sambærileg menntun eða reynsla sem nýst getur í starfi.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Tölvukunnátta í outlook, word og excel.
- Menntun og/eða reynsla af stjórnun.
- Starfsreynsla í sundlaugum eða öðrum íþróttamannvirkjum.
- Lipurð í mannlegum samskiptum, bæði við börn og fullorðna.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Suðurnesja.

Um 100% starf er að ræða.
Hreint sakavottorð skilyrði.

Æskilegt að geta hafið störf sem fyrst, upplýsingar gefur Stefán Arinbjarnarson í síma 867-8854.

**Umsóknarfrestur er til 7. júní 2017.**

Umsóknum skal skila á netfangið stefan@vogar.is

Vinakot

## Við hjá Vinakoti leitum eftir öflugum DEILDARSTJÓRA til að sjá um daglegan rekstur búsetuúrræðis

Við rekum skammtíma- og langtíma búsetu fyrir börn og ungmenni með fjölþættan vanda. Í starfi okkar höfum við að leiðarljósi að skapa börnunum og ungmennunum öruggt og heimilislegt umhverfi. Lesa má meiri um okkur á **www.vinakot.is**

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Að sjá um daglegan rekstur og skipulag búsetuúrræðis samskvæmt starfslýsingu deildastjóra, þ.m.t.:
- Stjórnun, skipulagning og mat á starfi búsetuúrræðisins
- Gera einstaklingsáætlanir í samvinnu við fagaðila, og fylgja eftir að unnið sé í samræmi við þær
- Sjá um almennt starfsmannahald

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d. tómstundafræði, uppeldis og menntunarfræði og sálfræði.
- Reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi
- Góð skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Áhugi og metnaður fyrir að starfa með unglingum með fjölþættan vanda
- Þekking á einhverfu og/eða fjölþættum vanda
- Sveigjanleika og færni í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög
- 25 ára eða eldri

**Aðrir þættir eru máli skipta**
- Hæfni til að takast á við óvæntar aðstæður
- Frumkvæði, jákvæðni og áhugasemi í starfi

Bæði kynin eru hvött til að sækja um starfið. Starfshlutfall er 100% og ráðið er til framtíðar.
**Umsóknarfrestur er til 16.júní 2017** og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veita Jóhanna M. Fleckenstein forstöðumaður johanna@vinakot.is og Elvar Friðriksson sálfræðingur elvar@vinakot.is

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á starf@vinakot.is merkt **"DEILDARSTJÓRI"**

**- Fagmennska, umhyggja og traust eru gildin sem við vinnum eftir -**




# VERKEFNASTJÓRAR

Vegna aukinna verkefna Eimskips á Íslandi og erlendis leitum við að öflugum aðilum í tvö störf í upplýsingatæknideild félagsins. Störfin bjóða upp á skemmtileg og krefjandi verkefni í öflugum hópi sérfræðinga sem vinnur þvert á félagið.

**VERKEFNASTÝRING Á SVIÐI SAMÞÆTTINGAR**
Leitað er að tæknimenntuðum aðila með BS eða MSc gráðu í tölvunarfræði og/eða verkfræði. Mjög góð enskukunnátta, bæði töluð og rituð, er skilyrði og góð kunnátta í norsku, sænsku og/eða dönsku er kostur.
Þekking og reynsla á sviði samþættingar (e. Integration) er krafist sem og reynslu á sviði verkefnastýringar.

**STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ:**
- Stýring á verkefnum sem snúa að samþættingu kerfa hjá félaginu. Meðal kerfa eru SAP, Navision, MLS og Sharepoint en samþættingarumhverfi félagsins byggir á WebMethods hugbúnaði frá Software AG
- Samskipti við verktaka sem sjá um smíði á samþættingarlausnum.
- Aðkoma að tillögum að arkitektúr á samþættingarumhverfi félagsins

**VERKEFNASTÝRING ÞJÓNUSTUSAMNINGS**
Leitað er að háskólamenntuðum aðila sem hefur reynslu af verkefnastjórnun og vinnur sjálfstætt, með frumkvæði og metnað til að ná árangri. Starfið snýr að stjórnun verkefna í tengslum við þjónustu birgja á sviði upplýsingatækniþjónustu hjá Eimskip. Mjög góð enskukunnátta, bæði töluð og rituð, er nauðsynleg.

**STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ:**
- Greining á atvikaskráningu
- Stýring á verkefnum sem snúa að bættri þjónustu við notendur upplýsingatækni félagsins með áherslu á að minnka sóun og auka skilvirkni
- Þátttaka í endurskoðun ferla upplýsingakerfa og samskipti við birgja í samstarfi við aðra verkefnastjóra upplýsingatæknideildar
- Kostnaðareftirlit

Umsóknarfrestur er til 12. júní 2017.
Umsóknir óskast fylltar út á www.eimskip.is/starf
Nánari upplýsingar veitir Sigríður Guðmundsdóttir, srr@eimskip.is

Hreint sakavottorð og 18 ára aldur er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip.
Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

EIMSKIP
Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | eimskip.is

# VILT ÞÚ VERÐA **HLUTI** AF GÓÐU **FERÐALAGI**?

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

Nú vantar okkur fleiri til að vera hluti af góðu ferðalagi með okkur.

## MANNAUÐSRÁÐGJAFAR
### Í REYKJAVÍK OG KEFLAVÍK

Helstu verkefni eru utanumhald ráðninga, skipulagning á móttöku nýrra starfsmanna ásamt frágangi starfsloka. Ráðgjöf og þjónusta við stjórnendur og starfsmenn, aðkoma að þróunarvinnu við mannauðskerfi, skráningar og vinna við innri vef, starfsmannahandbók og fleiri mannauðstengd verkefni.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er skilyrði
- Reynsla af ráðningum er kostur
- Reynsla af mannauðsmálum og mannauðskerfum eru kostir
- Þekking á kjarasamningum og launavinnslu er kostur

## FLÆÐISSTJÓRAR
### Í FARANGURS- OG FLOKKUNARSAL

Helstu verkefni eru að tryggja skilvirkt flæði farangurs í gegnum farangurskerfið og að flæði í flokkunarsal sé í lagi. Almennt viðhald á farangurskerfi, eftirlit með starfsemi rekstraraðila, gagnasöfnun og úrvinnsla. Um er að ræða vaktavinnu.

**Hæfniskröfur:**
- Verkmenntun á sviði málm-, raf- eða véltækni er kostur
- Tæknimenntun er kostur
- Reynsla af vinnu á flugvelli er kostur
- Reynsla af verkstýringu er skilyrði
- Góð enskukunnátta er skilyrði
- Góð tölvukunnátta er skilyrði

Jafnlaunaúttekt PwC

Isavia hlaut gullmerki PwC fyrir launajafnrétti í jafnlaunaúttekt PwC 2015 og 2016. Við erum stolt af þeirri niðurstöðu og er hún í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.


**Maren** hefur starfað við uppbyggingu á Keflavíkur-flugvelli í tvö ár. Hún er hluti af góðu ferðalagi.

HVÍTA HÚSIÐ — SÍA 2017

STARFSSTÖÐ:
**REYKJAVÍK OG KEFLAVÍK**

UMSÓKNARFRESTUR:
**18. JÚNÍ 2017**

UMSÓKNIR:
**ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia




## Fjármálaráðgjafi óskast til starfa í Reykjavík

Við leitum að metnaðarfullum starfsmanni í teymi fjármálaráðgjafa íbúðalána Arion banka í Reykjavík. Við viljum fá til liðs við okkur aðila sem getur unnið sjálfstætt og hefur metnað til að veita viðskiptavinum bankans framúrskarandi þjónustu.

### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

Fjármálaráðgjafar starfa í samræmi við þjónustu- og sölustefnu bankans hverju sinni og eru sérfræðingar bankans í íbúðalánum og tryggingum einstaklinga. Þeir sinna viðskiptavinum sem taka íbúðalán hjá bankanum og óska eftir faglegri ráðgjöf í tengslum við það. Fjármálaráðgjafar hafa frumkvæði að samskiptum við viðskiptavini og sinna ráðgjöf varðandi tryggingar og lífeyrismál.

### Menntun og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi og/eða góð bankareynsla
- Vottunarnám fjármálaráðgjafa er kostur
- Þekking á útlánum
- Frábær þjónustulund og frumkvæði
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum

**Nánari upplýsingar veitir Sveinn Gíslason svæðisstjóri, sími 444 6001, netfang sveinn.gislason@arionbanki.is og Birna Dís Birgisdóttir mannauðsráðgjafi, sími 444 6385, netfang birna.birgisdottir@arionbanki.is.**

Umsóknarfrestur er til og með **18. júní 2017**. Sótt er um starfið á arionbanki.is. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

Arion banki
– fyrir framtíðina

# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Tónlistarskóli Hafnarfjarðar**
- » Aðstoðarskólastjóri

**Grunnskólar**
- » Umsjónarkennari á yngsta stigi - Hraunvallaskóli
- » Kennsla í náttúrufræði - Hraunvallaskóli
- » Kennsla í íslensku á unglingastigi - Hraunvallaskóli
- » Aðstoðarverkefnastjóri Hraunsel - Hraunvallaskóli
- » Frístundaleiðb. á frístundaheimili - Hraunvallaskóli
- » Stuðningsfulltrúi - Hraunvallaskóli
- » Aðstoðarverkefnastjóri Mosinn - Hraunvallaskóli
- » Tómstundaleiðb. í félagsmiðstöð - Hraunvallaskóli
- » Skólaliði - Hraunvallaskóli
- » Stuðningsfulltrúi - Hraunvallaskóli
- » Sérkennasla í námsver unglinga - Hraunvallaskóli
- » Sérkennari - Hraunvallaskóli
- » Stuðningsfulltrúi í Krakkaberg - Setbergsskóli
- » Deildastjóri tómstundamiðstöðvar - Setbergsskóli
- » Aðstoðarverkefnastjóri - Setbergsskóli
- » Deildarstjóri UT - Skarðshlíðarskóli
- » Sérkennari - Hvaleyrarskóli
- » Umsjónarkennari á yngsta stigi - Hvaleyrarskóli

**Leikskólar**
- » Leikskólakennarar - Norðurberg
- » Deildarstjóri - Tjarnarás
- » Leikskólakennari - Hvammur
- » Leikskólakennari - Vesturkot
- » Leikskólakennari - Bjarkalundur
- » Sérkennslustjóri - Hlíðarendi
- » Þroskaþjálfi - Norðurberg

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

# SÉRFRÆÐINGUR
## Í ÁÆTLANAGERÐ

expectus

**Vegna aukinna verkefna óskar Expectus eftir að bæta við sig sérfræðingi í öflugt teymi fyrirtækisins á sviði rekstrar-, fjárhags- og áætlanagerðar. Leitað er að lausnamiðuðum og árangursdrifnum einstaklingi með jákvætt viðmót og hæfni til að starfa í hópi sérfræðinga. Starfið felur m.a. í sér greiningu á þörfum viðskiptavina, verkefnastjórn og hönnun rekstrar- og áætlunarferla.**

HELSTU VERKEFNI:
- Rekstrar- og fjárhagsgreiningar
- Greining gagna og skýrslugerð
- Hönnun á rekstrar- og áætlunarferlum fyrirtækja
- Þróun áætlunarkerfa út frá skilgreindum ferlum
- Verkefnastjórnun
- Samskipti við viðskiptavini

HÆFNISKRÖFUR:
- Framúrskarandi greiningarhæfni
- Reynsla/þekking af SQL er æskileg
- Reynsla af úrvinnslu gagna og skilningur á upplýsingum um rekstur fyrirtækja
- Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð samskiptafærni

Nánari upplýsingar um starfið veitir Agla Sigr. Björnsdóttir, agla@radum.is.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum www.radum.is.

Expectus er ráðgjafafyrirtæki sem aðstoðar fyrirtæki og stofnanir við að nýta þekkingu og upplýsingatækni til að auka hæfni, móta stefnu og koma áherslum í framkvæmd og skila þannig mælanlegum árangri.

Gildi Expectus eru kraftur, heiðarleiki og samvinna.

Expectus var valið fyrirtæki ársins 2016 og 2017 í hópi millistórra fyrirtækja hjá VR og vottað sem Framúrskarandi fyrirtæki 2016 af Creditinfo. Starfsmenn eru stoltir af þeim árangri sem er í samræmi við þá framtíðarsýn sem Expectus setti sér í upphafi, að vera fyrirmynd annarra þekkingarfyrirtækja. www.expectus.is.

Framúrskarandi fyrirtæki 2016 | VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2016 | VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2017

ráðum
ráðningarstofa

Umsóknarfrestur er til og með 11. júní nk.

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

# VIÐ VITUM HVAÐ **FÓLKIÐ OKKAR** SKIPTIR MIKLU MÁLI

**VÍS leitar að metnaðarfullu, framsýnu og hugmyndaríku fólki í öflugt og samhent teymi starfsmanna á hinum ýmsu sviðum fyrirtækisins**

**Einkenni VÍS-ara er kraftur og vilji til að tileinka sér nýjungar, gera sífellt betur og ná árangri í því sem við tökum okkur fyrir hendur. Við berum umhyggju fyrir viðskiptavinum okkar og hvert öðru og höfum einlægan áhuga á hagsmunum annarra. Hjá VÍS snúast tryggingar um fólk og við setjum hjartað í allt sem við gerum.**

**Tryggingar eru ótrúlega spennandi, krefjandi og skemmtilegt viðfangsefni og við leitum að liðsmönnum í eftirfarandi störf sem öll krefjast framúrskarandi samskiptahæfni og ríkrar þjónustulundar.**

## ▸ Viðskiptastjóri í fyrirtækjaþjónustu

Viðskiptastjóri veitir framúrskarandi þjónustu til viðskiptavina á fyrirtækjamarkaði, byggir upp og viðheldur langtíma viðskiptasamböndum. Viðskiptastjóri veitir faglega tryggingaráðgjöf í samræmi við þarfir hvers fyrirtækis, sinnir tilboðsgerð og sölu vátrygginga ásamt því að vinna með viðskiptavinum að forvarna- og öryggismálum. Viðkomandi þarf að hafa mikinn áhuga á rekstri fyrirtækja og skilning á atvinnulífinu.

## ▸ Þjónustufulltrúi í tjónaþjónustu

Þjónustufulltrúi í tjónaþjónustu veitir framúrskarandi þjónustu til viðskiptavina sem hafa lent í tjóni. Hann tekur á móti viðskiptavinum, hefur samskipti í síma, netspjalli og tölvupósti. Tekur á móti tjónstilkynningum, skráir og meðhöndlar tjón, tekur ákvarðanir um bótaskyldu og upplýsir viðskiptavini um næstu skref. Starfið er fjölbreytt og krefjandi og hentar einstaklingum sem hafa ástríðu fyrir þjónustu.

## ▸ Þjónustufulltrúi í tjónaskoðunarstöð

Þjónustufulltrúi í tjónaskoðunarstöð sér um kaup og sölu á ökutækjum sem lent hafa í tjóni ásamt reikninga- og afsalsgerð. Hann tekur á móti ökutækjum, hefur umsjón með flutningi þeirra og setur upp og sér um útboð á tjónuðum ökutækjum. Kostur ef viðkomandi hefur mikinn áhuga á bílum og þekkingu á umsýslu og sölu ökutækja.

## ▸ Skoðunarmaður eignatjóna

Skoðunarmaður eignatjóna sinnir tjónaskoðunum, gerir tjónamat og sér um uppgjör eignatjóna. Hann hefur umsjón og eftirlit með vinnu verktaka og er í miklum samskiptum við viðskiptavini og verktaka. Við leitum að aðila með stúdentspróf og starfsréttindi í iðngrein byggingariðnaðar eða háskólamenntun í byggingafræði eða sambærilegu.

**Í samræmi við jafnréttisstefnu VÍS hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.**

**Umsóknarfrestur er til og með 11. júní. Nánari upplýsingar um störfin má finna á vis.is og radum.is. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Ráðum, www.radum.is.**

ráðum ráðningarstofa

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá. Nánari upplýsingar veitir Agla Sigríður Björnsdóttir hjá Ráðum ráðningarstofu *agla@radum.is*

VÍS er þjónustufyrirtæki með þjónustuskrifstofur víðsvegar um landið. Markmið VÍS er að vera alltaf í fremstu röð tryggingafélaga á Íslandi og er ánægja starfsfólks og viðskiptavina lykilatriði í velgengni félagsins. Hjá VÍS starfar framúrskarandi hópur einstaklinga sem saman myndar sterka liðsheild. Mikil áhersla er lögð á að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu til að veita viðskiptavinum góða þjónustu. VÍS vill fela starfsfólki störf við hæfi, þannig að hæfileikar þess og frumkvæði fái notið sín við áhugaverð og krefjandi verkefni.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS



# SVIÐSSTJÓRI STARFSMANNASVIÐS

Háskóli Íslands óskar eftir að ráða sviðsstjóra á starfsmannasvið. **Hlutverk starfsmannasviðs Háskóla Íslands er að hafa umsjón með starfsmannamálum skólans í heild**. Starfsmannasvið er ein af stoðeiningum HÍ og heyrir sviðsstjóri undir framkvæmdastjóra sameiginlegrar stjórnsýslu.

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi og meistarapróf í mannauðsstjórnun eða skyldum greinum.
- Yfirgripsmikil reynsla af starfsmanna- og mannauðsmálum.
- Afbragðs samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Leiðtogahæfni og frumkvæði í starfi.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.
- Reynsla af starfsemi háskóla er æskileg.

**HELSTU VERKEFNI**

- Stefnumótun og innleiðing stefnu í mannauðsmálum.
- Ráðgjöf við stjórnendur.
- Kjaramál, launasetning, starfsauglýsingar og ráðningarmál.
- Réttindi og skyldur starfsmanna.
- Fræðsla, starfsþróun, umsjón með starfsmannahandbók og gerð verklagsreglna.

Hægt er að sækja um og fá allar nánari upplýsingar á heimasíðu HÍ: **www.hi.is/laus_storf**.

**Umsóknarfrestur er til og með 6. júní.**

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE
HÁSKÓLI ÍSLANDS




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 84703 06/17

**Laust er til umsóknar starf flugumsjónarmanns.**

**STARFSSVIÐ:**

- Gerð flugáætlana (Flight Planning).
- Eftirlit með flugvélum félagsins (Flight Following).
- Önnur tilfallandi verkefni í flugumsjón.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Góð skipulagshæfni.
- Metnaður til að ná árangri í starfi.
- Góð tölvufærni.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg.
- Jákvætt hugarfar og rík þjónustulund.

**UMSÓKNUM ÞURFA AÐ FYLGJA EFTIRFARANDI GÖGN:**

- Afrit af stúdentsskírteini eða öðrum sambærilegum prófskírteinum.
- Nýtt sakavottorð.
- Skírteini flugumsjónarmanns er æskilegt.

Starfsstöð er á Keflavíkurflugvelli og er unnið á dag- og næturvöktum (2-2-3).

Lögð er áhersla á vönduð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi í krefjandi starf sem býr yfir framúrskarandi samskiptahæfileikum og vill vinna sem hluti af öflugri liðsheild.

Við bjóðum gott starfsumhverfi í síbreytilegu alþjóðlegu umhverfi.

**Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Nánari upplýsingar veita:**
Guðmundur Páll Jakobsson | gudmundurp@icelandair.is
Kristín Björnsdóttir | starf@icelandair.is

+ **Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út eigi síðar en 11. júní 2017 á vefsíðunni www.icelandair.is/umsokn**

ICELANDAIR

---

BÍLASTOÐ
réttingar & sprautun

**Óskum eftir Bílamálara og Bifreiðasmið**

- eða vönum mönnum.
Verða að geta starfað sjálfstætt.
Upplýsingar í síma 564 0606 eða bilastod@simnet.is

---

## Sveitarfélagið Vogar
## Stóru-Vogaskóli

**Við Stóru-Vogaskóla** vantar kennara í almenna kennslu á yngsta- og miðstigi. Í skólanum eru um 200 nemendur og 40 starfsmenn og það er aðeins um 20-30 mín. akstur frá Stór-Reykjavíkursvæðinu.

**Menntunarkröfur:**
Leitað er eftir einstaklingum með kennsluréttindi.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um.

**Nánari upplýsingar veita:**
Svava Bogadóttir, skólastjóri og Hálfdan Þorsteinsson aðstoðarskólastjóri í síma 440-6250. Fyrirspurnir og umsóknir skal senda á: skoli@vogar.is
**www.storuvogaskoli.is**

Laun samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launanefndar Sveitarfélaga.

**Umsóknarfrestur er til 9.júní 2017.**

---

## Reykjavíkurborg
Borgarsögusafn Reykjavíkur

**Afgreiðslustjóri óskast á Landnámssýninguna í Aðalstræti.**

Borgarsögusafn Reykjavíkur auglýsir stöðu afgreiðslustjóra Landnámssýningarinnar í Aðalstræti.

Afgreiðslustjóri starfar við móttöku gesta og upplýsingagjöf. Hefur umsjón með daglegum rekstri móttöku og safnbúðar Landnámssýningar ásamt vaktstjórn starfsmanna.
Daglegt uppgjör, umsjón með vörulager og birgðahaldi í safnbúð, innkaup á aðföngum ásamt ýmsum öðrum verkefnum og viðburðum í tengslum við Landnámssýninguna

**Hæfniskröfur:**
- Stúdentspróf, verslunarpróf eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af verslunarstörfum, innkaupum og/eða skrifstofustörfum.
- Þekking á ritvinnslukerfum, sölukerfi og/eða bókhaldskerfi.
- Gott vald á íslensku, ensku ásamt öðru tungumáli.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Metnaður, frumkvæði, skipulagshæfileikar, hugmyndaauðgi og sjálfstæði í starfi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

**Umsóknarfrestur er til og með 18.06.2017**

Umsækjendur sæki um á vef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/laus-storf.
Umsókninni þarf að fylgja starfsferilsskrá og upplýsingar um umsagnaraðila.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Vala Magnúsdóttir, deildarstjóri rekstrar og þjónustu í síma 411-6300 eða á tölvupósti vala.magnusdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

Húðfegrun

# Móttökuritari á Húðmeðferðarstofu

Við leitum að öflugum ritara á húðmeðferðarstofuna Húðfegrun ehf.

**Hæfniskröfur**

- Starfsreynsla í ritarastarfi kostur
- Góð almenn tölvukunnátta nauðsynleg
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Frumkvæði, ábyrgð og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni og sveigjanleiki

Stofan býður upp á heildrænar húðmeðferðir án skurðaðgerða og leggur metnað í góða og persónulega þjónustu.

Um er að ræða fullt starf og kostur ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. júní.**
**Umsókn og ferilskrá sendist á hudfegrun@hudfegrun.is**



ÞG VERK
www.tgverk.is



ÞG Verk óskar eftir að ráða starfsmann/nema við járnsmíði innan fyrirtækisins.

Helstu verkefni:

- Járnsmíði
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur:

- Góðir samskiptahæfileikar
- Ögun og skipulag í vinnubrögðum

Vinsamlega sendið inn umsókn á www.tgverk.is - Hafa samband - Starfsumsókn

ÞG Verk - Lágmúla 7, 108 Reykjavík - S: 534 8400



ÍSLENSKA SIA.IS ICE 84691 06/17

# FORSTÖÐUMAÐUR SÖLU OG ÞJÓNUSTU UM BORÐ




**Icelandair leitar að öflugum liðsmanni í starf forstöðumanns sölu og þjónustu um borð (Onboard Retail & Service) innan sölu- og markaðssviðs.**

**STARFSSVIÐ:**

- Umsjón með rekstri sölu og þjónustu um borð (Onboard Retail & Service) þ.m.t. Saga Shop Kitchen og Saga Shop Collection.
- Framkvæmd og eftirfylgni rekstraráætlana.
- Ábyrgð á söluáætlunum og vöruþróun.
- Fulltrúi í þjónustunefnd (Service Committee) Icelandair.
- Þróun og eftirfylgni á þjónustu og þjónustustöðlum.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólapróf í viðskiptafræði, verkfræði eða sambærileg menntun er skilyrði.
- Framhaldsmenntun er kostur.
- Reynsla af flugi og flugtengdri starfsemi er æskileg.
- Þekking á smásöluverslun er kostur.
- Þekking og reynsla af starfsemi framleiðslusviðs og ferlum um borð í flugvélum Icelandair er mikilvæg.
- Góð enskukunnátta.
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar.

Forstöðumaður sölu og þjónustu um borð er ábyrgur gagnvart framkvæmdastjóra sölu- og markaðssviðs.

Lögð er áhersla á vönduð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi í krefjandi starf sem býr yfir framúrskarandi samskiptahæfileikum og vill vinna sem hluti af öflugri liðsheild. Við bjóðum gott starfsumhverfi í síbreytilegu alþjóðlegu umhverfi.

**Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Nánari upplýsingar veita:**
Pétur Ómar Ágústsson | poa@icelandair.is
Svali H. Björgvinsson | svali@icelandair.is

\+ **Umsóknir óskast fylltar út á www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 16. júní 2017.**

ICELANDAIR

» Ráðningarþjónusta

# Verkfræðingar/Tæknifræðingar

Gamalgróin meðalstór verkfræðistofa á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða byggingaverkfræðinga/tæknifræðinga til starfa. Um fullt starf er að ræða.

Um er að ræða störf við hönnun burðarvirkja annars vegar og lagna hins vegar.

**Nánari upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um störfin þar.**

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



HEILSUGÆSLAN

# Svæðisstjóri og fagstjóri lækninga Heilsugæslunni Grafarvogi

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf svæðisstjóra Heilsugæslunnar Grafarvogi. Svæðisstjóri mun jafnframt gegna samhliða starfi fagstjóra lækninga samkvæmt nýju skipulagi. Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, stefnumótandi hugsun og samskiptahæfileika.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. júní 2017.**

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á.

Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur gert breytingu á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og að bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari er lagt upp með teymisvinnu sem grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum.

Í breyttu skipulagi fær starfsfólk aukið sjálfstæði til að móta starfsemina og til að útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Ber ábyrgð á rekstri heilsugæslustöðvar gagnvart framkvæmdastjórn
- Skipuleggur heilsugæsluþjónustu í umdæmi stöðvar
- Þróar nýjungar og vinnur að breytingum í starfsemi
- Mótar, innleiðir og endurskoðar verkferla
- Byggir upp og styður við teymisvinnu og þverfaglegt samstarf
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Stuðlar að gæðaþróun og árangursmati í starfi stöðvar
- Tekur þátt í gerð áætlana varðandi rekstur, þjónustu og áherslur í starfsemi stöðvar
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði
- Sinnir klínísku starfi eins og aðstæður leyfa

## Hæfnikröfur

- Heimilislæknir
- Reynsla af starfi í heilsugæslu
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Reynsla af þróunarstarfi og breytingastjórnun æskileg
- Nám í stjórnun æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt

## Aðrir eiginleikar

- Vilji til að veita framúrskarandi þjónustu og efla heilbrigði íbúa svæðisins
- Áhugi og hæfni til að leiða þverfaglegt starf heilsugæslunnar
- Áhugi og hæfni til að nýta aðferðafræði straumlínustjórnunar
- Vilji til að skapa gott starfsumhverfi

## Nánari upplýsingar

- Starfshlutfall er 100% og verður ráðið í starfið til 3 ára frá og með 1. september 2017 eða eftir nánara samkomulagi.
- Upplýsingar veitir:
  Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri, s. 585-1300,
  svanhvit.jakobsdottir@heilsugaeslan.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands. Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu.

Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til Svövu K. Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Ákvörðun um ráðningu í starfið byggist á viðtölum við umsækjendur og á innsendum gögnum. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningar. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Sækja skal um á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is) undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

# Trésmiðir óskast

Húsasmiðji

Húsasmiðji óskar eftir að ráða vana smiði eða reynslumikla byggingarverkamenn til starfa. Mikil vinna framundan. Íslensku- eða enskukunnátta nauðsynleg.

**Nánari upplýsingar í netpósti sigvilli@simnet.is**

Bláskógaskóli Reykholti

## Staða umsjónarkennara á unglingastigi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Kennsluréttindi á grunnskólastigi.
- Ánægja af að vinna með unglingum og áhugi á skólaþróun.
- Hugsanlegar kennslugreinar náttúrufræði, íslenska og enska.

Áherslur skólans eru á teymiskennslu og fjölbreytta kennsluhætti. Æskilegt er að umsækjendur kunni skil á ART þjálfun og hafi ánægju af nánu samstarfi við aðra. Í Bláskógaskóla í Reykholti eru tæplega 80 nemendur í 1.-10. bekk.

Umsækjendur þurfa að skila sakavottorði.
Laun eru skv. kjarasamningi KÍ og LN.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Hreinsdóttir, skólastjóri, í síma 480 3020 og 898 5642 eða í tölvupósti á netfanginu reykholt@blaskogaskoli.is.

**Umsóknarfrestur er til sunnudagsins 11. júní 2017.**

ÍSAFJARÐARBÆR

## Leikskólastjóri Laufás Þingeyri

Laust er til umsóknar starf leikskólastjóra í leikskólanum Laufási á Þingeyri. Starfshlutfall er 100% og er gert ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf í byrjun ágúst 2017 eða eftir nánara samkomulagi. Næsti yfirmaður er sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.
Í dag eru 10 börn í leikskólanum Laufási. Tekin var upp heilsustefna í leikskólanum árið 2007 og fékk Laufás formlega viðurkenningu sem heilsuleikskóli þann 29. september árið 2008.
Á Þingeyri er íþróttahús, sundlaug, golfvöllur, reiðskemma og lítil verslun og þar einkennist umhverfið af mikilli náttúrufegurð. Stutt er í alla þjónustu og er Ísafjörður í um 50 km fjarlægð.

**Starfssvið:**

- Að veita leikskólanum faglega forystu á sviði uppeldis og kennslu
- Að leiða samstarf starfsmanna, heimila og leikskólans
- Að stýra leikskólanum og bera ábyrgð á daglegri starfsemi, fagstarfi, starfsmannamálum, fjárhagsáætlunum og rekstri

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Leyfisbréf leikskólakennara
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi

**Leitað er að einstaklingi með:**

- Lipurð og færni í samskiptum
- Faglegan metnað og hugmyndaauðgi
- Gott frumkvæði, skipulagshæfni og leiðtogahæfileika
- Góða íslenskukunnáttu
- Hæfni til að miðla upplýsingum bæði í mæltu máli og rituðu

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. júní 2017.** Með umsókn skal fylgja ferilskrá, þar sem finna má greinargott yfirlit um nám og störf, kynningarbréf þar sem gert er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið og leyfisbréf leikskólakennara.

Umsókn skal skila á skrifstofu Ísafjarðarbæjar Hafnarstræti 1 á Ísafirði eða til mannauðsstjóra Ísafjarðarbæjar í netfangið baldurjo@isafjordur.is.

Allar nánari upplýsingar gefur Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar eða Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennsluftrúi, í síma 450-8000 eða í gegnum tölvupóst á netföngin: margreth@isafjordur.is eða gudrunbi@isafjordur.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**GLEIPNIR VERKTAKAR**

# Vélamaður

Óskum eftir að ráða vanan, áhugasaman og sjálfstæðan gröfumann.

Upplýsingar gefur Heimir í síma 773-6933 eða **heimir@gleipnir.is**

**www.gleipnir.is**

---

# Bókari óskast

Snæland Grímsson óskar eftir að ráða bókara í fullt starf.

**Starfssvið**

- Færsla bókhalds og afstemming
- Innheimta
- Reikningagerð

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af bókhaldi
- Góð almenn tölvuþekking
- Gott vald á ensku
- Þekking á navision æskileg
- Góð mannleg samskipti

Áhugasamir sendi umsókn á job@snaeland.is fyrir 10. júní.

**SNÆLAND GRÍMSSON**

Langholtsvegi 109 · 104 Reykjavík · Iceland

Snæland Grímsson ehf. er eitt af elstu ferðaþjónustufyrirtækjum landsins.

---

## Hestamannafélagið Fákur auglýsir eftir framkvæmdastjóra

**Starfið felst í eftirfarandi:**

- Veita forstöðu skrifstofu félagsins
- Sjá um rekstur hesthúsa og Reiðhallarinnar
- Tengiliður við nefndir félagsins
- Umsjón með mótahaldi
- Umsjón með skipulagningu helstu viðburða
- Umsjón með umhirðu valla og svæðis
- Tengiliður við stjórn Fáks
- Úthluta verkefnum til undirnefnda eftir því sem við á
- Miðlun upplýsinga til félagsmanna með t.d. samfélagsmiðlum o.s.frv.

**Hæfniskröfur:**

- Umsækjendur þurfa að hafa góða skipulags- og stjórnunarhæfileika, vera félagslega sinnaðir og með áhuga á hestamennsku. Viðkomandi þurfa að vera tilbúnir til að ganga í öll störf félagsins, jafnt utandyra sem innan.
- Framkvæmdastjóri þarf að vera reiðubúinn að leggja sitt af mörkum í frekari uppbyggingu félagsins, vera skipulagður og samviskusamur og hafa drifkraft sem nýtist í starfi auk góðrar tölvukunnáttu og sjálfstæðis í vinnubrögðum.

**Umsóknum skal skila eigi síðar en 11. júní á netfangið: fakur@fakur.is**

---

**ÍAV**

# PÍPARAR

*ÍAV er eitt stærsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins sem byggir á áratuga reynslu í mannvirkjagerð.*

*Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, opinberar byggingar eða aðra mann-virkjagerð sem og jarðgangagerð og jarðvinnuframkvæmdir bæði hérlendis og erlendis.*

*Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga, með góða hæfni í mannlegum samskiptum.*

*Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.*

*ÍAV er eina verktakafyrirtækið á Íslandi sem hefur bæði ISO 9001 gæðavottun og OSHAS 18001 öryggisvottun.*

**Vegna aukinna verkefna óskar ÍAV eftir að ráða pípara til starfa á höfuðborgarsvæðinu og suðurnesjum.**

Ráðið verður í eftirfarandi stöður: Verkstjóri/pípari/nemi/þjónusta.

Í boði er:

- Góð verkefnastaða
- Góð laun fyrir rétta aðila
- Uppmæling
- Góður aðbúnaður

Nánari upplýsingar veitir Snæbjörn R. Rafnsson fagstjóri lagna í síma 660-6201.

Umsóknir óskast lagðar inn í gegnum heimasíðu ÍAV, www.iav.is

***Við breytum vilja í verk***

ÍAV hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | s. 530 4200 | www.iav.is

---




## Tveir sérfræðingar óskast til starfa við áhættustýringu

Við leitum að sjálfstæðum og árangursdrifnum einstaklingum til að ganga til liðs við rekstraráhættu bankans. Rekstraráhætta er deild innan áhættustýringar sem mótar aðferðir til að meðhöndla rekstraráhættu og aðstoðar starfsmenn og stjórnendur við að lágmarka hana. Helstu verkefni eru ráðgjöf við gerð ferla og vinnulýsinga, aðstoð við mat áhættuþátta, skráning og greining frávika í rekstri og þróun áhættumælikvarða. Verkefnin eru fjölbreytt og fela í sér samvinnu við öll svið bankans.

### Sérfræðingur í viðskiptaferlum og áhættugreiningu

**Helstu verkefni**

- Þróun aðferðafræði fyrir gerð viðskiptaferla og vinnulýsinga
- Stuðningur og aðhald við mótun og gerð viðskiptaferla
- Greining áhættuþátta og eftirfylgni umbóta á ferlum
- Framsetning upplýsinga og skýrslugerð til stjórnar, stjórnenda og eftirlitsaðila

**Hæfni og eiginleikar**

- Þekking og reynsla af stjórnun viðskiptaferla (BPM) og mat áhættu og stýringa
- Þekking á straumlínustjórnun og umbótum
- Samskiptahæfileikar, sjálfstæði, frumkvæði og lausnamiðuð hugsun
- Hæfni í framsetningu efnis í ræðu og riti
- Þekking á fjármálaumhverfi er kostur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi

### Sérfræðingur í frávikagreiningu og áhættumælikvörðum

**Helstu verkefni**

- Skráning og greining frávika í rekstri og eftirfylgni umbóta
- Greining rekstraráhættu með nýtingu tapsatburða (e. loss data)
- Þróun áhættumælikvarða í samvinnu við stjórnendur bankans (KRI)
- Framsetning upplýsinga og skýrslugerð til stjórnar, stjórnenda og eftirlitsaðila

**Hæfni og eiginleikar**

- Færni við meðhöndlun og greiningu gagna
- Þekking á straumlínustjórnun og umbótum
- Samskiptahæfileikar, sjálfstæði, frumkvæði og lausnamiðuð hugsun
- Hæfni í framsetningu efnis í ræðu og riti
- Þekking á fjármálaumhverfi er kostur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi

**Frekari upplýsingar um starfið veitir Brynhildur Georgsdóttir, forstöðumaður rekstraráhættu, sími 444 6628, netfang brynhildur.georgsdottir@arionbanki.is og Hanna María Pálmadóttir, mannauðsstjóri, sími 444 6333, netfang hanna.maria.palmadottir@arionbanki.is.**

Umsóknarfrestur er til og með **15. júní 2017**. Sótt er um störfin á arionbanki.is. Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

JAFNLAUNAVOTTUN VR

**Arion banki**
*– fyrir framtíðina*




# VERTU MEÐ OKKUR Í LIÐI

## SÖLUSTJÓRI AUKAHLUTA ÓSKAST

Við leitum að starfsmanni í innkaupadeild félagsins. Viðkomandi vinnur náið með deildarstjóra og þarf að vera mjög sterkur í mannlegum samskiptum, með ríka þjónustulund.

**Helstu verkefni sölustjóra eru:**

- Samskipti og samningar við innlenda og erlenda birgja
- Áætlanagerð og framfylgja áætlunum í innkaupum og sölu aukahluta
- Samvinna við innkaupadeild um vinnslu pantana
- Eftirlit með lagerhaldi aukahluta
- Utanumhald verðs og búnaðarupplýsingar
- Náin samvinna og upplýsingagjöf til söludeilda nýrra bíla
- Aðstoð við þjónustuver og gerð tilboða
- Ábyrgð á afhendingu aukahluta

**Hæfniskröfur:**

- Rík þjónustulund
- Gott skipulag
- Reynsla af sölumennsku
- Góð tölvukunnátta, t.a.m. Navision, Excel
- Góð ensku- og íslenskukunnátta
- Almenn þekking á bílum

Vinnutími er 08.00 - 17.00 alla virka daga.

BL leitast við að ráða starfsmenn sem hafa metnað til þess að skara fram úr og veita framúrskarandi og faglega þjónustu í samvinnu við samheldinn og sterkan starfsmannahóp. Öflug námskeiðs- og fræðsluáætlun viðheldur þekkingu og eflir starfsmenn í nýjustu tækni vörumerkjanna. Starfsmenn fá vottaðar staðfestingar eða gráður, skv. stöðlum vörumerkjanna. Hjá BL er mjög virkt starfsmannafélag og einstök fyrirtækjamenning sem við erum afar stolt af.

**Sótt er um störfin á heimasíðu BL, www.bl.is/atvinna**

**Umsóknarfrestur er til og með 11. júní nk.**

Nánari upplýsingar veitir Anna Lára Guðfinnsdóttir, starfsmannastjóri, anna@bl.is

ENNEMM / SÍA / NM82351

LAND ROVER · SUBARU · BMW · HYUNDAI · ISUZU D-MAX · RENAULT · NISSAN · DACIA · B|L

**BL ehf.** / Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík / 525 8000 / www.bl.is

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is



## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

ÞÚSUND FJALIR EHF

## MÁLARI ÓSKAST

Rótgróið fyrirtæki með trausta verkefnastöðu, óskar eftir að ráða framtíðarstarfsmann.Gengur starfsmaðurinn til liðs við samhentan hóp iðnaðarmanna, sem vinna að krefjandi en jafnframt fjölbreyttum og spennandi verkefnum.

Áhugasamir eru beðnir um að hringja í Björgvin (897-7983) eða senda ferilskrá/upplýsingar á retturmadur@gmail.com

100 % trúnaði er heitið. Heimasíða fyrirtækisins er vatnstjon.is, en þar má kynna sér starfsemi fyrirtækisins.

## Húsvörður óskast

Húsfélögin Bólstaðarhlíð 41-45 vilja ráða húsvörð - í hlutastarf (50%) auk nokkurra aukaverka eftir nánara samkomulagi en í húsunum eru 68 íbúðir fyrir íbúa 60 ára og eldri. Verkefni húsvarðar eru almenn þrif á sameign, umhirða um sameign, lóð og bílastæði auk minniháttar viðhalds og endurbóta.

Íbúð er til afnota fyrir húsvörð sem hluti af starfskjörum. Húsvörður þarf að vera snyrtilegur, laghentur og útsjónarsamur og hafa auga fyrir því sem betur má fara.

**Skriflegar umsóknir berist:**
Eignaumsjón hf. Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík eða starfsumsokn@eignaumsjon.is
**Umsóknarfrestur er til og með 10. júní 2017.**

EIGNAumsjón

FB FÓÐURBLANDAN

## Framleiðslu-starfsmaður

**Fóðurblandan óskar eftir starfsmanni í framleiðslu á húsdýrafóðri**

**Helstu verkefni:**
**Húsdýrafóðurframleiðsla:**

- Framleiðsla á kúa- og fuglafóðri skv. framleiðsluáætlunum
- Þrif skv. gæðahandbók
- Daglegt skipulag í samstarfi við vaktstjóra
- Sýnataka og gæðaprófanir
- Þátttaka í birgðaeftirliti
- Tilfallandi viðhald framleiðslulínu
- Samskipti við söludeild, fóðurdreifingu og lager
- Annað tilfallandi
- Unnið er á vöktum.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla í framleiðslustörfum í iðntölvustýrðu umhverfi
- Góð íslenskukunnátta
- Geta unnið sjálfstætt og í teymi
- Reglusemi og góð ástundun
- Góð almenn tölvukunnátta (office pakkinn)
- Þekking á vélbúnaði (vélstjórnarmenntun er kostur)

Nánari upplýsingar gefur Daði Hafþórsson, framkvæmdastjóri framleiðslusviðs, dadi@fodur.is

Fóðurblandan er rótgróið og öflugt framleiðslu- og þjónustu- fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á áburði og fóðri fyrir landbúnað, fiskeldi og húsdýr. Því til viðbótar selur Fóðurblandan ýmis konar rekstrarvöru fyrir landbúnað s.s. girðingar, girðingarefni og smávöru. Fóðurblandan rekur fjórar verslanir, á Selfossi, Hellu, Hvolsvelli og Egilsstöðum sem og öfluga vefverslun. Fyrirtækið er leiðandi á sínu sviði og eitt það öflugasta í þjónustu við bændur hér á landi.
Hjá fyrirtækinu starfa um 50 manns.
**Nánari upplýsingar: www.fodurblandan.is**

Reykjavíkurborg

LANGHOLTSSKÓLI

## Lausar stöður í Langholtsskóla 2017 - 2018

- Umsjónarkennari á yngsta stigi.
- Umsjónarkennari á miðstigi.
- Umsjónarkennari á unglingastigi, stærðfræði og íslenska.
- Stuðningsfulltrúar
- Stuðningsfulltrúi í sérdeild fyrir börn með einhverfu.

Nánari upplýsingar á vef Reykjavíkurborgar: http://reykjavik.is/laus-storf og hjá Hreiðari Sigtryggssyni skólastjóra í síma 5533188 og 6648280 og á hreidar.sigtryggsson@rvkskolar.is.



MENNTASKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

## Menntaskólinn á Ísafirði óskar eftir tilboðum í rekstur mötuneytis MÍ sem rekið er sem sjálfstæð eining

Reksturinn felst í framreiðslu matar í hádeginu alla virka daga, afgreiðsla í mötuneyti MÍ og umsjón með matsal. Einnig að tryggja íbúum heimavistar aðgang að morgunmat og kvöldmat alla daga og morgunmat um helgar.

Markmiðið með útboðinu er að tryggja sem lægst vöruverð samfara gæðum og góðri þjónustu en um leið að tryggja að fjölbreytileiki og hollusta í samsetningu matvæla uppfylli fjölbreyttar þarfir/kröfur viðskiptavina. Menntaskólinn á Ísafirði er aðili að verkefninu um heilsueflandi framhaldsskóla.

**Tilboð skal senda fyrir 9. júní** til Friðgerðar Ómarsdóttur fjármálastjóra fridgerd@misa.is MÍ sem veitir frekari upplýsingar.

Þingeyjarsveit

590602-2640
Kjarna - 650 Laugar
Sími: 464 3322 – Bréfsími: 464 3422
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
www.thingeyjarsveit.is

## Grunnskólakennara vantar að Þingeyjarskóla næsta skólaár

Um tvær stöður er að ræða:
**Almenna kennslu og íþróttakennslu.**

**Við leitum að kennara sem:**

- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Hefur lausnamiðaða nálgun á viðfangsefnum
- Er sveigjanlegur og með góða samskiptahæfni
- Er sjálfstæður í vinnubrögðum og sýnir/býr yfir frumkvæði

Þingeyjarskóli er samrekinn grunn-, leik- og tónlistarskóli með rétt um 100 nemendur. Þar af tæplega 70 grunnskólanemendur.

Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennsluhætti innan skólans. Rík tónlistarhefð er við skólann.

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans. Í Þingeyjarskóla er unnið með byrjendalæsi.
**Umsóknarfrestur er til 15. júní.**

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri í síma 464 3580/899 0702 eða á netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is

# MARKAÐSFULLTRÚI

**Elko leitar að skipulögðum, skemmtilegum og skapandi markaðsfulltrúa til að vinna að spennandi verkefnum hjá einu stærsta smásölufyrirtæki landsins.**

### STARFSLÝSING OG HELSTU VERKEFNI

- Umsjón samfélagsmiðla
- Viðburðastjórnun
- Hugmyndavinna
- Mótun skilaboða og textasmíð
- Samskipti við samstarfsaðila og eftirfylgni með framkvæmd markaðsherferða
- Önnur tilfallandi störf í markaðsdeild

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði/markaðsmála stór kostur
- Þekking á markaðssetningu á samfélagsmiðlum
- Mjög gott vald á íslensku í töluðu jafnt sem rituðu máli.
- Mikil skipulagshæfni
- Jákvætt og skapandi viðmót

Nánari upplýsingar veitir Bragi Þór Antoníusson, markaðsstjóri, í síma 8699130
Sótt er um starfið á www.elko.is/storf fyrir 13. júní.

ELKO




# IGS ATVINNA

IGS ehf. leitar að öflugum, jákvæðum og lausnarmiðuðum einstaklingi í stöðu verkefnastjóra öryggis- og þjálfunarsviðs

**VERKEFNASTJÓRI ÖRYGGIS- OG ÞJÁLFUNARSVIÐS**

Sveigjanlegur vinnutími

**Menntun- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á gæðamálum
- Góð íslensku og enskukunnátta
- Öguð, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Útsjónarsemi, heiðarleiki og frumkvæði

**Helstu verkefni**

- Öryggis- og gæðaúttektir
- Breytingastjórnun og innra eftirlit
- Þjálfunarmál
- Skýrslugerð og handbækur

Umsóknum er skilað inn rafrænt á heimasíðu IGS sjá fyrir 13. júní

IGS GROUND SERVICES




# HÚSASMIÐJAN SKÚTUVOGI

## LEITAR AÐ ÖFLUGUM LIÐSMÖNNUM

### Framtíðarstörf

Leitum að metnaðarfullum fagaðilum til sölustarfa í málningardeild og gólfefnadeild.

**Störfin fela í sér sölu og þjónustu við viðskiptavini ásamt öðrum tilfallandi verslunarstörfum**

Hæfniskröfur
- Frumkvæði í starfi
- Fagleg þekking eða reynsla úr sambærilegu starfi
- Samskiptahæfni og þjónustulund
- Góð íslenskukunnátta

Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

Metnaður
Þjónustulund
Sérþekking

Umsóknir berist

fyrir 12. júní n.k.
og sendast til
atvinna@husa.is

Byggjum á betra verði



Jamie's
ITALIAN

# JAMIE'S ITALIAN OPNAR Á HÓTEL BORG

## OG LEITUM VIÐ ÞVÍ AÐ HRESSU OG VINNUSÖMU FÓLKI TIL AÐ TAKA ÞÁTT Í ÆVINTÝRINU MEÐ OKKUR.

Veitingastaðurinn Jamie's Italian var stofnaður af Jamie Oliver og ítölskum lærifóður hans Gennaro Contaldo í Oxford árið 2008. Síðan þá hafa meira en sextíu veitingastaðir í bæjum, borgum og löndum um allan heim bæst í hópinn.

Jamie's Italian er keðja vinsælla veitingahúsa með starfsemi víða um heim.
Áherslur staðarins eru ítalskur matur, gerður úr bestu fáanlegu hráefnum, ásamt þægilegu og fallegu umhverfi.
Okkar markmið er að gestum okkar líði vel og njóti góðra veitinga og þjónustu í afslöppuðu andrúmslofti.

Við óskum eftir starfsfólki í eldhús ásamt veitingasal, í full störf, hlutastörf, sumarstörf, kvöld- og helgarvinnu. Faglærðir og ófaglærðir koma til greina. Viðkomandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti og geta unnið í hóp.

## ELDHÚS

Reynsla af starfi í eldhúsi er nauðsynleg.
- MATREIÐSLUMENN
- PIZZABAKARAR
- AÐSTOÐ Í ELDHÚSI
- UPPVASKARAR

## VEITINGASALUR

Reynsla af starfi í veitingasal er kostur
- ÞJÓNAR
- BARÞJÓNAR
- AÐSTOÐ Í SAL

Umsókn skal fylla út í Alfreð umsóknarkerfinu www.alfred.is
Umsækjendur eru beðnir um að senda ferilskrá, stutta lýsingu á sér og gefa upp meðmælanda sem hafa má samband við.
Hægt er að nálgast frekari upplýsingar með tölvupósti á uppgefið netfang og veita Jóhannes Steinn Jóhannesson yfirkokkur og Sigrún Þormóðsdóttir veitingastjóri upplýsingar um auglýst störf.




# Vernd náttúrunnar

Umhverfisstofnun auglýsir tvö störf í þágu náttúruverndar. Leitað er að öflugum einstaklingum sem eru tilbúnir til að taka þátt í mótun nýrra aðferða til að standa vörð um náttúruna en unnið er að innleiðingu nýrra laga um náttúruvernd.

**SÉRFRÆÐINGUR – ÁHRIF Á NÁTTÚRUNA**

Helstu verkefni sérfræðingsins eru að vinna áhrifamat vegna ýmiss konar starfsemi sem getur haft áhrif á náttúruna. Umhverfisstofnun gefur álit vegna skipulagsáætlana sveitarfélaga og mats á umhverfisáhrifum, gefur út leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum og vegna starfsemi sem getur haft í för með sér mengun. Lögð er áhersla á vandað áhrifamat til að lágmarka álag á náttúruna.

**LÖGFRÆÐINGUR – NÝ STJÓRNTÆKI Í NÁTTÚRUVERND**

Helstu verkefni lögfræðingsins verða mótun verkferla og undirbúningur ákvarðana Umhverfisstofnunar vegna almannaréttar, sérstaklega viðkvæms ástands náttúru og þar sem hætta er á tjóni af völdum ágangs, auk annarra verkefna sem varða nýmæli um náttúruvernd. Jafnframt er um að ræða vinnu við lögfræðileg álit, leiðbeiningar og undirbúning stjórnvaldsákvarðana á öðrum verkefnasviðum stofnunarinnar.

Ítarlegri upplýsingar um störfin, helstu verkefni og hæfniskröfur til starfanna er að finna á starfatorg.is og http://www.umhverfisstofnun.is/storf-i-bodi

Umsóknarfrestur er til og með 19. júní 2017. Umsóknir skulu sendar til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík eða á netfangið ust@ust.is

FAGMENNSKA SAMVINNA FRAMSÝNI VIRÐING

MENNTAMÁLASTOFNUN

# Sérfræðingur í læsi

Menntamálastofnun stuðlar að framförum í þágu menntunar í samræmi við stefnu stjórnvalda, bestu þekkingu og alþjóðleg viðmið. Stofnunin sinnir víðtæku hlutverki við mat á menntun, þróar og miðlar námsgögnun til nemenda og veitir margskonar þjónustu við menntakerfið.

Auglýst er laus til umsóknar staða sérfræðings í læsi.
Um er að ræða 100% starf og laun eru greidd samkvæmt samningum fjármálaráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélags. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

**Helstu verkefni:**
- Fræða og leiðbeina um læsi og lestrarnám
- Gerð stöðu- og skimunarprófa
- Greining og mat á gögnum
- Aðkoma að ýmsum verkefnum matssviðs

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Menntun og sérhæfing í lestarkennslu
- Þekking á prófagerð
- Þekking og reynsla af greiningu megindlegra gagna og notkun þeirra í skólastarfi
- Menntun og reynsla á grunnskólastigi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góðir samskiptahæfileikar
- Gott skipulag og öguð vinnubrögð
- Góð íslensku og enskukunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta

**Umsóknir**
Umsókn um starfið fylgi skrá yfir menntun og starfsferil, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið ásamt upplýsingum um umsagnaraðila. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því umsóknarfrestur rennur út. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Umsókn sendist á skjalasafn@mms.is merkt: Sérfræðingur - læsi. Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veitir Katrín Frímannsdóttir, sviðsstjóri matssviðs í síma 514-7500, netfang: katrin.frimannsdottir@mms.is

**Umsóknafrestur er til og með 26. júní 2017.**

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

## SÉRKENNSLURÁÐGJAFI LEIK- OG GRUNNSKÓLA

Reykjanesbær óskar eftir að ráða sérkennsluráðgjafa leik- og grunnskóla. Sérkennsluráðgjafi starfar í teymi fagfólks á fræðslusviði sem sinnir margvíslegri sérfræðiþjónustu við nemendur í leik- og grunnskólum.

**Meginverkefni:**

- Ráðgjöf í sérkennslu til starfsfólks og foreldra barna í leik- og grunnskólum
- Samstarf við stjórnendur og starfsfólk sem annast sérkennslu
- Samstarf við aðrar stofnanir er fjalla um málefni barna sem þurfa sérkennslu
- Kemur að frumathugunum og skimunum í leik- og grunnskólum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Reynsla af sérkennslu
- Framhaldsmenntun á sviði sérkennslufræða eða sambærileg menntun sem nýtist í þessu starfi
- Góð samskiptahæfni og færni til teymisvinnu
- Skipulagshæfileikar og almenn góð tölvufærni

Umsóknarfrestur er til og með **18. júní nk.** Nánari upplýsingar um starfið veita Helgi Arnarson sviðsstjóri Fræðslusviðs, helgi.arnarson@reykjanesbaer.is og Gyða M. Arnmundsdóttir deildarstjóri skólaþjónustu, gyda.m.arnmundsdottir@reykjanesbaer.is.

**Umsóknum skal skilað rafrænt á vef Reykjanesbæjar,** reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf.

## HS Veitur hf leita að starfsfólki á starfsstöð fyrirtækisins í Reykjanesbæ

### Rafvirki / rafveituvirki

**Starfssvið**
- Viðhald og viðgerðir á dreifikerfi, línum og götulögnum
- Nýlagnir, tengingar og frágangur
- Viðkomandi mun sinna bakvöktum á Suðurnesjasvæði

**Hæfniskröfur**
- Sveinspróf í rafvirkjun / rafveituvirkjun æskilegt
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Góð framkoma og lipurð í mannlegum samskiptum

### Húsasmiður í viðhaldsdeild mannvirkja

**Starfssvið**
- Viðhald og viðgerðir á mannvirkjum
- Sinnir tilfallandi verkefnum tengdum nýbyggingum og/eða breytingum á húsnæðiskosti fyrirtækisins

**Hæfniskröfur**
- Sveinspróf í smíðum skilyrði
- Reynsla af smíðavinnu
- Samskiptahæfni og frumkvæði
- Sjálfstæði í starfi, hæfni til að vinna undir álagi

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Eyjólfsdóttir mannauðsstjóri í síma 422 5200.

**Sótt er um störfin á heimasíðu HS Veitna, www.hsveitur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 12. júní 2017**

Hjá HS Veitum starfar framsækinn hópur starfsfólks sem kappkostar að efla sig í starfi með frumkvæði, fagmennsku og framúrskarandi vinnubrögðum.
Fyrirtækið HS Veitur varð til 1. desember 2008 þegar Hitaveitu Suðurnesja hf var skipt upp.
HS Veitur annast raforkudreifingu á Suðurnesjum, í Hafnarfirði, í hluta Garðabæjar, í Vestmannaeyjum og í Árborg.
HS Veitur annast hitaveiturekstur á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum og vatnsveiturekstur að stórum hluta á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum.
Starfsstöðvar HS Veitna hf eru fjórar, í Reykjanesbæ, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og í Árborg.
Hjá HS Veitum hf starfa 96 starfsmenn.

**HS VEITUR HF**
www.hsveitur.is






# Rétting og málun

**Vegna aukinna umsvifa leitum við að metnaðarfullum starfsmönnum á eitt fullkomnasta réttingar- og málningarverkstæði landsins.**

## Bifreiðasmiður

**Starfssvið:**
- Almennar viðgerðir við bílaréttingar

**Hæfniskröfur:**
- Próf í bifreiðasmíði
- Starfsreynsla æskileg
- Góð þekking á bílum
- Hæfni í mannlegum samskiptum mikilvæg
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

Vinnutími er: mán-fim frá 08:00 – 17:00
og fös 08:00 – 15:30

## Bílamálari

**Starfssvið:**
- Almenn bílamálun

**Hæfniskröfur:**
- Próf í bílamálun
- Starfsreynsla æskileg
- Góð þekking á bílum
- Hæfni í mannlegum samskiptum mikilvæg
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

Vinnutími er: mán-fim frá 08:00 – 17:00
og fös 08:00 – 15:30

**Umsókn, ásamt ferilskrá og kynningarbréfi óskast fyllt út á vef félagsins www.toyota.is/storf**
**Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir fanny@toyota.is - Umsóknarfrestur er til og með 19. júní 2017**

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6**
**Sími: 570 5070**
**www.toyotakauptuni.is**

bsi. ISO 14001 Environmental Management

*Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk hennar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.*



Hagstofa Íslands

Borgartúni 21a · 105 Reykjavík
Sími: 528 1000 · Bréfasími: 528 1099
www.hagstofa.is

# Hagstofa Íslands

**óskar eftir að ráða þrjá metnaðarfulla og áhugasama starfsmenn til starfa á fyrirtækjasviði**

## Sérfræðingar á fyrirtækjasviði

**Á fyrirtækjasviði er framleidd tölfræði um**

- Afkomu og rekstur fyrirtækja eftir atvinnugreinum
- Gistinætur og ferðamál
- Nýsköpun fyrirtækja og útgjöld til rannsókna- og þróunar
- Umhverfismál
- Sjávarútveg og landbúnað

**Hæfniskröfur**

- Háskólapróf í hagfræði, verkfræði, viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af vinnslu gagna í gagnagrunnsumhverfi er nauðsynleg
- Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu og framsetningu gagna er æskileg
- Hæfni í greiningu ársreikninga er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð samskiptafærni
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í september/október 2017. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með **19. júní 2017** og skulu umsóknir berast til: Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknafrestur rennur út.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Helga Hauksdóttir í síma 528 1000.**

*Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk Hagstofunnar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum. Nánari upplýsingar má finna á www.hagstofa.is*

## Sálfræðingur óskast

Vestmananeyjabær auglýsir eftir sálfræðingi til starfa hjá fjölskyldu- og fræðslusviði Vestmannaeyjabæjar. Um er að ræða 100% starfshlutfall. Starfið er á sviði skóla- og félagsþjónustu.

**Starfssvið sálfræðings**

- Ráðgjöf til foreldra barna og starfsfólks leik- og grunnskóla.
- Forvarnarstarf.
- Sálfræðilegar athuganir og greiningar á börnum, ráðgjöf og eftirfylgd mála.
- Fræðsla og námskeið fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk skóla.
- Ráðgjöf og meðferð fyrir fjölskyldur og börn sem njóta þjónustu barnaverndar.

**Sálfræðingur vinnur í þverfaglegu samstarfi við kennsluráðgjafa, félagsráðgjafa, starfsfólk skóla, starfsfólk félags- og heilbrigðisþjónustu og aðra sérfræðinga.**

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Sálfræðimenntun og réttindi til að starfa sem sálfræðingur
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Færni í samskiptum
- Hæfni í þverfaglegu samstarfi

Upplýsingar veitir Jón Pétursson, framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyjabæjar (jonp@vestmannaeyjar.is) í síma 488 2000.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. júní 2017**
Umsækjendur eru beðnir um að skila inn umsóknum á netfangið jonp@vestmannaeyjar.is. Með umsókn þarf að fylgja ferilsskrá um fyrri störf og menntun ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið.



# Við leitum að öflugum stjórnanda

**Við leitum að dugmiklum svæðisstjóra með ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.**

Svæðisstjóri starfar náið með verslunarstjóra, leiðir hóp sölumanna og ber ábyrgð á vöruframsetningu og útliti deildarinnar.

Starfið felur í sér stjórnun, tilboðsgerð, ráðgjöf og sölu á t.d. parketi, flísum, innréttingum, innihurðum og hreinlætistækjum.

Upplýsingar veitir Rúnar V. Gunnlaugsson rekstrarstjóri, *runar@byko.is*

**Sótt er um á www.byko.is og umsóknarfrestur er til 16. júní**

HÓLF & GÓLF

BYKO BREIDD

## Ísloft- Blikk & Stálsmiðja ehf

## Bílstjóra vantar til starfa:

**Umsóknir sendist í tölvupósti á isloft@isloft.is.**
**Nánari upplýsingar í síma 587 6666.**

ÍSLOFT
BLIKK OG STÁLSMIÐJA EHF.
Bíldshöfða 12, 112 Reykjavík - Sími 587 6666 - Fax 567 3624
isloft@isloft.is - www.isloft.is

GRUNNSKÓLI GRINDAVÍKUR
VIRÐING – VELLÍÐAN – VIRKNI

## Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri yngsta stigs

Grunnskóli Grindavíkur auglýsir stöðu aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra yngsta stigs frá og með 1. ágúst næstkomandi. Leitað er að einstaklingum með mikinn metnað, sem sýnt hafa árangur í störfum sínum og leggja áherslu á vellíðan og árangur nemenda í góðu samstarfi við aðra starfsmenn skólans.

**Meginhlutverk aðstoðarskólastjóra er að:**
- Vera í forystu um mótun og framkvæmd faglegrar stefnu skólans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Grindavíkurbæjar.
- Vera staðgengill skólastjóra, bera ábyrgð á og stjórna daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólastjóra.
- Hafa í samráði við skólastjóra umsjón með starfsmannamálum s.s. ráðningum, vinnutilhögun, starfsþróun og fl.
- Vinna að öflugu samstarfi innan skólasamfélagsins.

Meginhlutverk deildarstjóra er að:
- Vera millistjórnandi með mannaforráð og bera ábyrgð á skólahaldi á skólastigi.
- Fylgjast með nýjungum á sviði kennslu og vera leiðandi í faglegri umræðu.
- Vera í góðum samskiptum við nemendur og foreldra.
- Hafa umsjón með sérúrræðum nemenda í samráði við kennara og aðra stjórnendur.

**Hæfniskröfur:**
- Frumkvæði , sveigjanleiki og víðsýni í starfi og samskiptum.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Að vera reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Áhugi og reynsla til að leiða þróunarstarf.
- Góð tölvukunnátta og færni við skýrslugerð.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og skólaþróunar.
- Fjölbreytt reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum.

**Menntunar og hæfniskröfur :**
- Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- og menntunarfræða eða kennslureynsla á grunnskólastigi.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Guðbjörg M. Sveinsdóttir væntanlegur skólastjóri í síma 420-1200. Umsóknir um aðstoðarskólastjórastöðuna ásamt greinargóðri skýrslu um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og verkefni sem viðkomandi hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni viðkomandi, skulu berast Grunnskóla Grindavíkur Ásabraut 2, 240 Grindavík eða sendist á netfangið gudbjorgms@grindavik.is **fyrir 11. júní 2017. Umsóknarfrestur um deildastjórastarfið framlengist til 11. júní n.k.**

Grunnskóli Grindavíkur er heildstæður, einsetinn grunnskóli, með tæplega 500 nemendur í tveimur starfsstöðvum. Í Grunnskóla Grindavíkur er starfað eftir Uppbyggingarstefnunni og lögð áhersla á að skapa námsumhverfi í samráði við foreldra þar sem allir eru virkir, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Í framtíðarsýn skólans kemur fram að skólinn er lærdómssamfélag þar sem áhersla er á að allir nemendur hljóti góða menntun og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga í öruggu og uppbyggilegu umhverfi. Nemendur, starfsfólk og foreldrar eru virkir þátttakendur í lærdómssamfélaginu. Allur aðbúnaður og umhverfi skólans er til fyrirmyndar. Sjá nánar á heimasíðu skólans http://www.grindavik.is/grunnskolinn.




## EY óskar eftir nemum í endurskoðun

EY leitar að fólki sem skráð er í meistaranám í reikningshaldi og endurskoðun og stefnir að því að verða löggiltir endurskoðendur.

Við hjá EY erum sveigjanleg og reynum að koma til móts við ólíkar þarfir hvers starfsmanns og bjóðum m.a. nemum okkar upp á hlutastarf meðan á námi stendur.

EY er alþjóðlegt endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtæki með yfir 230.000 starfsmenn í 150 löndum.

Umsóknir ásamt einkunnum sendist til Hildar Pálsdóttur, hildur.palsdottir@is.ey.com

Umsóknarfrestur er til og með 14. júní n.k.

www.ey.is




## Byggingarfulltrúi í spennandi starfsumhverfi

### Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir laust til umsóknar starf byggingarfulltrúa

Hornafjörður er blómstrandi 2200 manna samfélag sem byggir á sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Öflugt menningar- og félagslíf er í sveitarfélaginu og fjölbreytt íþróttastarf fyrir börn og ungmenni. Öll almenn þjónusta er til staðar og má þar nefna m.a. tónskóla, líkamsrækt, knatthús, sundlaug og heilbrigðisstofnun. Samgöngur til Hafnar eru greiðar, beint flug og strætó

**Byggingarfulltrúi** ber ábyrgð á byggingarmálum og hefur eftirlit með mannvirkjagerð sem fellur undir 1. og 2. mgr. 9. gr. laga um mannvirki nr.160/2010. Byggingarfulltrúi skal hafa löggildingu sem hönnuður skv. 25.gr. laga um mannvirki.

**Helstu verkefni** byggingarfulltrúa eru að annast móttöku og afgreiðslu byggingarleyfisumsókna vegna byggingarleyfisskyldra framkvæmda, stöðuleyfa og fyrirspurna auk útgáfu byggingarleyfa að skilyrðum uppfylltum.

**Byggingarfulltrúi** annast að auki eftirlit með byggingarframkvæmdum og frágangi þeirra, sem og umhverfi lóða til samræmis við samþykkt gögn, skilmála, byggingarreglugerð og lög sem því tengjast. Hann vinnur að stefnumótun innan sviðsins, situr fundi skipulagsnefndar undir fundargerðum byggingarfulltrúa auk annarra þeirra faglegu starfa er falla til hverju sinni.

**Hæfniskröfur til starfsins** eru að umsækjendur hafi háskólamenntun á sviði byggingarmála, löggildingu í mannvirkjahönnun og haldgóða þekkingu á sviði byggingar- og umhverfismála, reynsla á umræddu sviði er jafnframt æskileg. Áhersla er lögð á lipurð í mannlegum samskiptum, fagmennsku, frumkvæði og metnað til árangurs í starfi.

**Í boði er** áhugavert framtíðarstarf í barnvænu umhverfi þar sem öll nútíma þægindi eru til staðar, næg atvinnutækifæri, gott tómstundar- og félagslíf í friðsælu og framsæknu bæjarfélagi. Laun verða í samræmi við kjarasamning launanefndar sveitarfélags og viðeigandi stéttarfélaga. Sjá einnig á heimasíðu www.hornafjordur.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. júní nk.** Gengið verður frá ráðningu fljótlega.

**Guðný Harðardóttir hjá STRÁ ehf.** veitir nánari upplýsingar um starfið í síma: 588-3031 alla virka daga frá kl.13-15. Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt meðfylgjandi gögnum til **stra@stra.is**, sjá nánar **www.stra.is**

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út með vísan til 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum nr. 464/1996, með síðari breytingum, sem settar eru með stoð í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningar hefur verið tekin.

STRÁ

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## LAUS ER TIL UMSÓKNAR STAÐA AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRA VIÐ FELLASKÓLA

Fellaskóli er heildstæður grunnskóli í Reykjavík þar sem rúmlega 330 nemendur stunda nám og starfsmenn eru um 70. Í skólanum er leitast við að sníða skólastarfið í samræmi við eðli og þarfir nemenda. Stuðlað er að alhliða þroska og menntun hvers og eins og stutt er við jákvæða hegðun nemenda. Í Fellaskóla er litið svo á að menningarlegur fjölbreytileiki auðgi skólastarf og lögð er áhersla á að virðing sé borin fyrir uppruna og menningu einstaklinga.
Við skólann er starfrækt sérdeild fyrir einhverf börn. Framtíðarsýn skólans er **„Allir á heimavelli.“**
Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur áhuga á að vinna með hópi fagmanna í fjölmenningarlegu skólasamfélagi án aðgreiningar.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Að vera í forystu um mótun og framkvæmd faglegrar framtíðarstefnu skólans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Reykjavíkurborgar
- Að hafa faglegt utanumhald um skólanámskrárvinnu og skólaþróunarverkefni
- Að vinna að starfsþróun
- Að bera ábyrgð á og stjórna daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólastjóra og vera staðgengill hans
- Að vinna að öflugu samstarfi innan skólasamfélagsins og við fjölskyldur og stofnanir utan skóla

**Hæfniskröfur:**
- Kennaramenntun og réttindi til að kenna á grunnskólastigi Kennslureynsla í grunnskóla
- Reynsla af faglegri forystu í skólaþróunarverkefnum
- Stjórnunarreynsla í grunnskóla æskileg
- Stjórnunar- og leiðtogahæfileikar
- Metnaður í starfi og áhugi á skólaþróun
- Lipurð og færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsókninni skal fylgja yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari auk annarra gagna er málið varðar. Einnig er óskað eftir að með umsókninni fylgi stutt greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarf.

Ráðið verður í stöðuna frá **1. ágúst 2017.** Umsóknarfrestur er til og með **19. júní 2017**. Nánari upplýsingar um starfið gefur Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir skólastjóri í síma 411-7530 eða með því að senda fyrirspurn á sigurlaug.hrund.svavarsdottir@rvkskolar.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**



# Rannsakandi hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa - umferðarsvið

Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) óskar eftir að ráða til starfa rannsakanda við slysarannsóknir á umferðarsviði með starfsstöð í Reykjavík. RNSA starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 18/2013 um rannsókn samgönguslysa og reglugerðar nr. 763/2013. Nánari upplýsingar eru á vefsíðu Rannsóknarnefndar, www.RNSA.is.

## Helstu verkefni:

Í starfinu felast m.a. rannsóknir á orsökum umferðarslysa, þar með taldar vettvangsrannsóknir og sinnir rannsakandi bakvöktum. Rannsakandi stýrir einnig einstaka rannsóknum. Hann hefur umsjón með þeim verkefnum sem slysum tengjast, svo sem greiningarvinnu, skýrslugerð og eftirfylgni með tillögum sem lagðar eru fram til úrbóta í öryggismálum.

## Æskilegar menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg.
- Þekking eða reynsla af starfrækslu, viðhaldi og búnaði samgöngutækja.
- Þekking á lögum og reglum sem gilda um umferðarmál.
- Reynsla af stjórnun verkefna.
- Mjög góð þekking og færni í rituðu og töluðu máli á íslensku og ensku. Kunnátta í einu Norðurlandamáli er æskileg.
- Þekking og reynsla af notkun algengustu hugbúnaðarforrita.
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun.
- Reynsla af stjórnun og færni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að starfa sjálfstætt, sem og í hóp.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags við fjármálaráðuneytið. Um er að ræða fullt starf.

Umsóknir skal senda til Rannsóknarnefndar samgönguslysa, Húsi FBSR, Flugvallarvegi 7, 101 Reykjavík eða á netfangið thorkell@RNSA.is.

Umsókn þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Áætlað er að umsækjandi hefji störf í lok sumars eða samkvæmt samkomulagi. Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi bifreið til umráða.

Umsóknarfrestur er til 25. júní 2017.

RANNSÓKNARNEFND SAMGÖNGUSLYSA
Hús FBSR, Flugvallarvegi 7
101 Reykjavík
Sími 511 6500
www.RNSA.is

## LEIKSKÓLINN SÆLUKOT

**óskar eftir leikskólakennara, tónlistarkennara og listgreinakennara frá 1.ágúst 2017.**

**Hæfniskröfur:**
Leikskólakennaramenntun/leyfisbréf leikskólakennara, tónlistarmenntun/listmenntun á háskólastigi.
Færni í samskiptum, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð, stundvísi.
Góð íslenskukunnátta skilyrði.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi FL og SSSK.

Vinsamlega sendið umsóknir með ferilskrá á saelukot@gmail.com

BHS Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Borgarholtsskóli er fjölbreyttur, framsækinn og skapandi skóli sem leggur áherslu á að allir fái nám við sitt hæfi. Boðið er upp á margar námsleiðir; í bóknámi, listnámi, iðnnámi og starfsnámi. Einkunnarorð Borgarholtsskóla eru:
***agi, virðing, væntingar.***

## 50% kennarastaða við Borgarholtsskóla

Borgarholtsskóli auglýsir eftir framhaldsskólakennara til að kenna **grunnáfanga í stærðfræði og skapandi starf** á uppeldissviði í haust. Um er að ræða 50% starf.
Ráðning og kjör: Umsækjendur hafi háskólapróf í viðkomandi greinum ásamt kennsluréttindum í framhaldsskóla. Laun eru í samræmi við kjarasamning KÍ og stofnanasamning Borgarholtsskóla.

Laun eru í samræmi við kjarasamning viðkomandi stéttarfélaga og stofnanasamning Borgarholtsskóla.
Umsækjendur greini í umsókn frá menntun, fyrri störfum og öðru því sem telja má að skipti máli.
Jafnt konur og karlar eru hvött til að sækja um störfin.
Sakavottorð fylgi umsókn.

Á heimasíðu skólans, www.bhs.is, eru upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Upplýsingar um starfið veitir Þórkatla Þórisdóttir, kennslustjóri, thorkatla@bhs.is; sími: 866 9092.
Umsóknir ásamt fylgigögnum sendist í tölvupósti til Ársæls Guðmundssonar, skólameistara, arsaell@bhs.is,
**fyrir 19. júní 2017.**

***Skólameistari***

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- Aðstoðarleikskólastjóri í leikskólann Austurkór

**Grunnskólar**
- Heimilisfræðikennari í Álfhólsskóla
- Umsjónarkennar á yngsta stig í Hörðuvallaskóla
- Aðstoðarforstöðumaður dægradvalar Hörðuvallaskóla
- Stuðningsfulltrúi í Kársnesskóla
- Skólaliði í Kársnesskóla
- Stærðfræðikennari í Kársnesskóla
- Enskukennari í Kársnesskóla
